

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, allsherjarnefnd
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 23. janúar 2003

2002110529


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, lögum nr. 22/1991, um samvinnufélög og lögum nr. 33/1999, um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur, með síðari breytingum, 350. mál.

Með bréfi Allsherjarnefndar Alþingis, dags. 27. nóvember sl., var óskað eftir umsögn embættisins um frumvarp þar sem lagðar eru til breytingar á fernum lögum í tengslum við fyrirhugaðan flutning fyrirtækjaskrár frá Hagstofu Íslands til embættis ríkisskattstjóra. Ríkisskattstjóri telur að flutningur hlutafélagaskrá, samvinnufélagaskrá og skrá um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur til embættis ríkisskattstjóra sé nauðsynlegur liður í þeirri fyrirætlun að flytja fyrirtækjaskrá til embættis ríkisskattstjóra og leggur því til að frumvarpið verði samþykkt. Ríkisskattstjóri vill enn fremur benda á að ein skrá stendur þó enn út af sem æskilegt væri að færðist á sama hátt til ríkisskattstjóra en það er firmaskrá, skrá sem sér um skráningu sameignarféлага, samlaga og einkafirmu, sem er hjá embættum sýslumanna. Þetta er að tiltölu lítil skrá en í lok ársins 2000 voru einstaklingsfyrirtæki á skrá 1.582 en sameignarfélög 2.449. Á árinu 2000 voru skráð 54 ný einstaklingsfyrirtæki og 88 sameignarfélög og fer skráningu þessara féлага fækkandi. Auk nýskráningar eru tilkynntar breytingar á fyrri skráningu. Með því að flytja þessa skrá einnig til ríkisskattstjóra verða allar félagaskrár undir einum hatti sem telja verður að sé í samræmi við tilgang frumvarpsins um fyrirtækjaskrá.

Virðingarfyllst



Indriði H Þorláksson



Guðmundur Guðbjárnason